

FUNDARBOÐ

51. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 27. ágúst 2026 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2608002F - Bæjarráð - 45

Lögð fram 45. fundargerð bæjarráðs.

2. 2608001F - Skipulagsnefnd - 43

Lögð fram 43. fundargerð skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

3. 2608020 - Bréf til Drammen Kommune

Lagt fram samúðarbréf, sem sent var fyrir hönd bæjarstjórnar og íbúa Stykkishólms, til Drammen vegna stórbrunans sem þar varð í síðastliðnum mánuði.

4. 1912004 - Fundaáætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs

Lögð fram fundaáætlun bæjarráðs og bæjarstjórnar fyrir haustið 2026.

Bæjarráð samþykkti, á 45. fundi sínum, fyrirbyggjandi fundaáætlun, með áorðnum breytingum.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

5. 2608042 - Öldungaráð

Lagðar fram tilnefningar Aftanskins að fulltrúum félagsins í öldungaráð.

6. 1810057 - Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Stykkishólmi

Lagðar fram siðareglur kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins til umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn kjörtímabilið 2026-2030.

Bæjarráð staðfesti, á 45. fundi sínum, fyrirbyggjandi siðareglur og vísaði, þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2608036 - Breyting á samþykkt og reglum um kosningu í dreifbýlisráð

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2026 þarf að kjósa að nýju fulltrúa í dreifbýlisráð Sveitarfélagsins Stykkishólms.

Núgildandi ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins og reglur nr. 551/2023 um kosningu í dreifbýliráð voru sett á árunum 2022 og 2023 og miðast að hluta við þáverandi laga- og reglugerðarumhverfi um framkvæmd kosninga og íbúakosninga sveitarfélaga. Frá þeim tíma hafa orðið breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum og því er jafnframt tilefni til að yfirfara og skýra ákvæði um framkvæmd kosningarinnar.

Lögð eru fram til síðari umræðu drög að breytingu á 36. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins, nr. 1130/2022, ásamt drögum að nýjum reglum um kosningu í dreifbýliráð sem leysa af hólmi reglur nr. 551/2023.

Bæjarráð samþykkti, á 45. fundi sínum, að vísa fyrirbyggjandi drögum að breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms og nýjum reglum um kosningu í dreifbýliráð til síðari umræðu í bæjarstjórn.

8. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

25.08.2026

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.